

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag fyrir reit 7A í Hamranesi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 1. september sl. deiliskipulag á reit 7A í Hamranesi.

Á deiliskipulagsreitnum sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir þrjú klasahús með 54 íbúðum. Málsmeðferð var skv. 41. gr. ofangreindra laga.

Deiliskipulag Hleina að Langeyrarmölum, Ljósaklif.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 28. júlí sl. var samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að lóðinni Ljósaklif er skipt upp í tvær lóðir og verkstæðishúsi breytt í íbúðarhús með mögulegri stækkun á byggingarreit um 20 m².

Deiliskipulagið var grenndarkynnt samkvæmt 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. sömu laga og skv. heimild í viðauka 1.1 í samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Deiliskipulag Hvaleyrarholts suðausturs, Þúfubarð 3 og 5.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 19. maí sl. var samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholts suðausturs.

Breytingin felst í að gerður er nýr byggingarreitur fyrir viðbyggingu við bílgeymslur við Þúfubarð 3 og 5.

Deiliskipulagið var grenndarkynnt samkvæmt 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. sömu laga og skv. heimild í viðauka 1.1 í samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Uppdrættir ásamt greinargerðum og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagstillögurnar öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 11. nóvember 2021.

Pormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. nóvember 2021